

---

# **Fastanefnd Fjórðungssambands Vestfirðinga um samgöngumál**



Snjómokstur á Kjörvogshlíð. Mynd litlihjalli.is

**Skýrsla til 58. Fjórðungspings Vestfirðinga  
haldið í Árneshreppi 11.-12. október 2013**

---

## Um starf nefndarinnar

Fastanefnd Fjórðungssambands Vestfirðinga um samgöngumál er þannig skipuð:

Sigurður Pétursson, Ísafjarðarbæ, formaður  
Elías Jónatansson, Bolungarvík  
Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir, Tálknafirði  
Guðbrandur Sverrisson, Kaldrananeshreppi  
Gústaf Jökull Ólafsson, Reykhólasveit

Varafultrúar:

Guðfinna Hreiðarsdóttir, Ísafjarðarbæ  
Magnús Ólafs Hansson, Vesturbyggð  
Ingólfur Benediktsson, Árneshreppi  
Eiríkur Kristjánsson, Reykhólahreppi

Samgöngunefnd Fjórðungssambands Vestfirðinga gætir hagsmuna Vestfirðinga í samgöngumálum. Hún fylgir eftir samþykktum Fjórðungsþinga, stendur fyrir stefnumótun í samgöngumálum og þrýstir á ríkisvaldið um áætlanir og framkvæmdir í samvinnu við stjórn Fjórðungssambandsins.

Síðasta starfsár hafa fundir nefndarinnar verið fjórir, auk þess sem nefndin hélt starfsdag í Reykjavík hinn 1. mars, þar sem hún fundaði með samgönguyfirvöldum og samgöngustofnunum. Þá stóð nefndin ásamt Fjórðungssambandinu og fleirum fyrir málþingi um samgöngumál með nýjum innanríkisráðherra á Tálknafirði 21. júní í sumar.

**Frá því ný langtímaáætlun í samgöngumálum var samþykkt á Alþingi í júní 2012 og breytingum á framkvæmdaáætlun með viðbótarfjármagni úr sérstakri fjárfestingaáætlun sem samþykkt var í framhaldi, var staðfest sú stefna að Vestfirðir væru í forgangi hvað varðar vegaframkvæmdir á landinu. Vestfjarðavegur 60 skal kláraður, Dýrafjarðargöng skulu grafin og nýr vegur lagður um Dynjandisheiði og lagður nýr vegur um Veiðileysuháls og Bjarnarfjarðarháls í Strandasýslu. Ekkert af þessum stóru málum okkar Vestfirðinga í samgöngumálum eru í sjónmáli, þó að þau séu komin á blað. Vegagerðin vinnur nú að matsáætlun fyrir fimm mismunandi leiðir í gegnum Gufudalssveit. Von er á fyrstu niðurstöðu á næstu mánuðum. Þá tekur við ferli auglýsinga og fresta, sem gæti tekið nokkurn tíma. Dýrafjarðargöngin fengust flýtt við samþykkt áætlunar sumarið 2012, en ekki er vitað hvort það heldur. Enn er ekki fullákveðið hvar byrjað verður að endurnýja veginn úr Steingrímsfirði, norður í Árneshrepp. Allt þetta þýðir að Samgöngunefnd verður að halda vöku sinni ásamt öllum sveitarstjórnarmönnum á Vestfjörðum og virkja almenning til að þrýsta áfram á þetta stærsta hagsmunamál Vestfirðinga, samgöngumálin.**

Annað sem gerðist á þessu ári var að strandsiglingar hófust á ný eftir margra ára hlé. Reyndar aðeins til örfárra hafna á landinu, þar á meðal Ísafjarðar. Og fyrstu styrkir til flutningsjöfnunar upp á 170 milljónir voru greiddir út til framleiðslufyrirtækja á landsbyggðinni.

Samgöngunefnd hefur leitast við að fylgjast með framvindu mála og þrýsta á yfirvöld að staðið verði við þau fyrirheit sem gefin hafa verið. Ennfremur að undirbúa umræður um endurskoðun samgönguáætlunar, sem væntanlega er nú þegar byrjað að vinna að á vegum nýrrar ríkisstjórnar. Þá hafa almenningssamgöngur borist inn á borð nefndarinnar, en framkvæmdastjóri Fjórðungssambandsins hefur borið hitann og þungann af þeirri umræðu sem þar á sér stað á milli landshlutasamtakanna, Vegagerðarinnar og fleiri aðila.

## Vestfirðir í forgang í samgöngumálum: Samþykkt Fjórðungspings 2012

57. Fjórðungsping Vestfirðinga, sem haldið var á Bíldudal 4. og 5. október 2012 skoraði á stjórnvöld að setja Vestfirði í forgang í samgöngumálum. Í ályktun þingsins sagði:

*Stjórnvöld hafa í orði viðurkennt þá staðreynd að Vestfirðir sem landshluti sé orðinn það langt eftir á vegamálum miðað við aðra landshluta, að þörf sé á að setja þá í sérstakan forgang gagnvart fjárframlögum til samgöngubóta. Fjórðungsping Vestfirðinga heitir á stjórnvöld að standa við þau fyrirheit sem í þessari yfirlýsingu felst.*

*Það er staðreynd að þéttbýlisstaðir á Vestfjörðum eru einu byggðarlögin á landinu sem ekki eru enn komin í heilsársvegasamband, hvorki á milli helstu þéttbýlisstaða né með öruggum tengingum inn á aðalþjóðvegakerfið.*

*Markmið Vestfirðinga í samgöngumálum eru að ná sömu stöðu og aðrir landshlutar:*

- *Að allar byggðir Vestfjarða tengist aðalþjóðvegakerfi landsins*
- *Að tengja saman þéttbýlisstaði á Vestfjörðum*

*Til þess að svo megi verða, þurfa stjórnvöld með stuðningi kjörinna fulltrúa á Alþingi úr öllum landshlutum, að sameinast um þessi markmið og standa við það fyrirheit að Vestfirðir njóti ákveðins forgangs, á meðan þessum markmiðum verði náð.*

*Þau verkefni sem brýnust eru til að uppfylla grundvallarmarkmið um heilsárssamgöngur á Vestfjörðum eru:*

- *Að klára vegagerð um Gufudalssveit í Barðastrandarsýslu á Vestfjarðavegi 60.*
- *Að standa við áætlanir um gerð Dýrafjarðarganga 2015-2018, og stytta þannig núverandi leiðina um 27 km.*
- *Að flýta gerð nýs vegar um Dynjandisheiði.*
- *Að vegagerð um Bjarnafjarðarháls og Veidileysuháls verði kláruð á öðru tímabili samgönguáætlunar og að síðasta áfanga þeirrar framkvæmdar, veginum norðan Reykjafjarðar, verði lokið á þriðja tímabili áætlunarinnar.*

*Auk þess er nauðsynlegt að Vestfirðingar njóti sömu möguleika og aðrir landshlutar í uppbyggingu ferðaþjónustu, með úrbótum á ferðamannaleiðum. Þar ber hæst að hefja*

vegabætur á veginum út á Látrabjarg og leggja bundið slitlag á vegi og vegakafla, sem þegar eru tilbúnir fyrir það.

*Fjórðungsþing Vestfirðinga leggur mikla áherslu á áframhaldandi uppbyggingu fjarskiptakerfisins og krefst þess að úrbætur á því sviði nái til allra landsmanna. Öflugt netsamband í öll byggðarlög er orðin krafa nútímans, líkt og símasamband var fyrir einni öld. Stjórnvöld verða að tryggja framgang þessa máls, með þeim ráðum sem duga, hvernig sem eignarhaldi á grunnneti er fyrirkomið eða löggjöf um fjarskipti. Þegar landsins eiga ekki að líða fyrir skipulagsleysi í fjarskiptamálum. Það er skylda stjórnvalda að jafna möguleika allra íbúa landsins til grunnþarfa, til að styrkja atvinnulíf og samfélag á öllu landinu. Það mun ætíð skila sér í ríkara þjóðfélagi.*

Auk þessarar yfirlýsingar var samþykkt á þinginu ályktun gegn flutningi miðstöðvar innanlandsflugs frá Reykjavíkurflugvelli. Þar sagði:

*Góðar samgöngur við Reykjavík eru ein af grundvallarforsendum þess að ungt fólk sjái tækifæri í því að setjast að utan höfuðborgarsvæðisins. Fyrir þær byggðir sem eru í meira en 3 klst. akstursfjarlægð frá höfuðborginni gegna flugsamgöngur lykilhlutverki sem valkostur við samgöngur á landi um leið og þær eru mikilvægur öryggishlekkur í heilbrigðisþjónustu við íbúana.*

## Staðan í vegamálum

Staðan í vegamálum Vestfjarða er enn þannig, að landshlutinn er langt á eftir öðrum, þegar kemur að því að uppfylla markmið um tengingu inn á aðalþjóðvegakerfið og að tengja saman helstu þéttbýlisstaði landshlutans. Enn skal minna á stóru verkefni þrjú:

- **Að klára vegagerð um Gufudalssveit í Barðastrandarsýslu á Vestfjarðavegi 60.**
- **Að standa við áætlanir um gerð Dýrafjarðarganga 2015-2018, og leggja nýjan veg um Dynjandisheiði.**
- **Að endurgera veg um Bjarnafjarðarháls og Veidileysuháls á næstu árum og ljúka við nýjan veg til Norðurfjarðar á tímabili samgönguáætlunar.**

Næst á eftir kemur annað stórverkefni sem uppfyllir fyrrgreind markmið, auk þess sem hún skiptir sköpum um öryggi íbúa við Ísafjarðardjúp: **Jarðgöng á milli Ísafjarðar og Súðavíkur þurfa að komast inn á samgönguáætlun strax.**

Stærsta verkefni sem nú er unnið að í vegagerð á Vestfjörðum er nýr vegur um Kjálkafjörð og Kerlingafjörð í Múlasveit í Barðastrandarsýslu. Um er að ræða 16 kílómetra veg með tveim brúm yfir Kjálkafjörð og Mjóafjörð inn af Kerlingafirði (160 og 117 metra löngum), sem stytta mun leiðina um 8 kílómetra. Framkvæmdir hafa staðið í eitt ár og miðar vel áfram. Áætlanir gera ráð

fyrir að ljúka framkvæmdum sumarið 2015, en vonast er til að vegurinn verði klár að hausti eftir eitt ár. Áður var búið að leggja 13 kílómetra veg úr Vatnsfirði að Þverá í Kjálkafirði og stuttan kafla um Skálanes í Kollafirði. Þá er aðeins eftir einn áfangi á leiðinni Flókalundur – Bjarkalundur, en það er líka sá stærsti: vegurinn um Gufudalssveit.

Annað verkefni sem sér fyrir endann á er nýr vegarkafli fyrir botn Steingrímsfjarðar með nýrri brú á Staðará. Þar er framkvæmdum að ljúka og þar með þeim áfanga að tengja saman þéttbýlisstaðina Drangnes og Hólmavík. Þá er hægt að einbeita sér að næsta áfanga í Strandasýslu sem er nýr vegur norður í Árneshrepp.

Auk þessa voru teknar í notkun á síðasta ári tvær nýjar brýr í botni Álftafjarðar, sem voru síðasti hluti af sérstöku vegagerðarátaki í að “útrýma” einbreiðum brúm á 5 stöðum í Álftafirði, Patreksfirði og á Barðaströnd. Í framhaldi þarf að vinna nýja áætlun um endurgerð styttri kafla og einbreiðra brúa á Vestfjörðum, til að auka öryggi vegfarenda á Vestfjarðavegi og Strandavegi. Skal hér nefna nokkur atriði, sem ekki mega gleymast:

- Endurgerð vegar um Seyðisfjörð vestri og yfir Eiðið til Hestfjarðar.

- Ný brú og vegur fyrir Hattardal í Álftafirði

- Lagfæringar á eldra slitlagi innan Óspakseyrar í Strandasýslu

- Endurgerð þriggja malarkafla á Strandavegi, við Heydalsá í Steingrímsfirði, að Broddanesi og yfir Ennisháls og um Borgir utanvert í Hrutafirði. Fyrsttaldi kaflinn er þegar á Samgönguáætlun.

Þess utan eru á Vestfjörðum náttúruperlur sem erlendir og innlendir ferðamenn sækjast í æ ríkari mæli eftir að komast til. Nauðsynlegt er að fjármagn fái til að endurgera vegi á marga þessara staða. Hér skal aðeins nefna þann mikilvægasta:

### **Endurgerð vegar með bundnu slitlagi úr Skápadal í Patreksfirði og út á Látrabjarg.**

Hér má bæta því við að vinnuhópur um leiðarval á Dynjandisheiði, hefur ekki fundað á þessu ári og ekkert heyrst frá fulltrúum Vegagerðarinnar, sem stýra hópnum. Fulltrúar Fjórðungssambands í hópnum eru Sigurður Pétursson og Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir. Vinnuhópurinn vann að gagnaöflun af margvíslegu tagi til að undirbúa leiðarval og stóðu mál þannig þegar síðast var fundað, að valið stæði um tvær leiðir, að endurgera veginn að mestu eftir gamla vegarstæðinu, eða færa veginn lengra inn á heiðina.

### **Dagur í höfuðborginni**

Samgöngunefnd hélt fundi með samgönguyfirvöldum í Reykjavík hinn 1. mars 2013. Fékk nefndin fundaðstöðu í innanríkisráðuneytinu og þangað komu til fundar við hana yfirmenn Vegagerðarinnar, Mílu, Fjarskiptasjóðs og Ísavia. Að lokum átti nefndin fund með Ögmundi Jónassyni innanríkisráðherra og starfsfólki hans. Á þessum fundi var farið yfir áherslur

Vestfirðinga, stöðu mála og áætlanir sem fram eru komnar í vegamálum, fjarskiptamálum og flugmálum.

Margt kom fram á fundum þessa dags, en fátt nýtt. Þó kom fram í viðræðum við fulltrúa Mílu og Fjarskiptasjóðs að svo virðist sem nýir möguleikar gætu opnast á næstunni varðandi betri nettengingar á Vestfjörðum, einkum í dreifbýli. Þau mál eru í mikilli þróun, en fjarskiptafyrirtæki bjóða sífellt nýja valkosti, sem erfitt er að greina í sundur og enn erfiðara að fá upplýst um hvenær og hve víða þeir muni ná. Hlutverk Fjarskiptasjóðs er að jafna aðstöðu fólks, sem býr á svæðum sem ekki teljast markaðsvæn. Mjög mikilvægt er að hann fái fjármuni til að gegna því hlutverki.

## Málþing með nýjum innanríkisráðherra: Vestfjarðavegur 60

Ný ríkisstjórn settist að völdum hér á landi í maímánuði. Nýr innanríkisráðherra Hanna Birna Kristjánsdóttir sótti hinn 21. júní málþing um samgöngumál, sem haldið var á Tálknafirði. Með innanríkisráðherra var í för Hreinn Haraldsson vegamálastjóri og fleiri embættismenn. Málþingið var vel sótt af heimafólki og þar töluðu fyrir hönd Fjórðungssambandsins, formaður þess Albertína F. Elíasdóttir, Sigurður Pétursson formaður Samgöngunefndar, Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir oddviti Tálknafjarðarhrepps og Guðbrandur Sverrisson, bóndi í Kaldrananeshreppi og nefndarmaður í Samgöngunefnd. Auk þeirra töluðu fulltrúar frá sjávarútvegs-, fiskeldis og ferðaþjónustufyrirtækjum í Barðastrandarsýslu. Þá ávörpuðu innanríkisráðherra og vegamálastjóri fundinn og heimamenn tóku virkan þátt í umræðum og vörpuðu fram fyrirspurnum.

Á málþinginu kom fram sá mikli þungi sem Vestfirðingar leggja á að vegurinn um Gufudalssveit verði kláraður hið fyrsta, nú þegar séð er fyrir endann á framkvæmdum í Kerlingar- og Kjálkafirði. Flestir telja að leiðin fyrir Hallsteinsnes og um eða yfir Teigskóg í Þorskafirði, oftast nefnd leið B, sé hagkvæmasta leiðin sem völ er á um Gufudalssveit, en jafnframt sú sem vakið hefur mestar deilur. Innanríkisráðherra og vegamálastjóri tilkynntu að sú leið yrði meðal valkosta sem nú væru skoðaðar í tillögu að matsáætlun, ásamt fleiri valkostum. Þar á meðal eru leið I (þverun Þorskafjarðar við Hallsteinsnes) og leið A (þverun Þorskafjarðar og fleiri fjarða frá Skálanesi að Reykjanesi). Tillaga að matsáætlun fer síðan í kynningarferli og eftir það í umhverfismat. Loforð var gefið fyrir því að allri þessari undirbúningsvinnu yrði flýtt svo sem kostur væri. Frá fundinum í júní, hefur fátt nýtt komið fram í málinu. Nema ef nefna skal staðfesta andstöðu innan Skipulagsstofnunar við leið B. Spurningin er sú hvort málið sé enn á leið í pattastöðu og tafaverli, eða hvort fundin verður skynsamleg leið sem flýtt getur þessari lífsnauðsynlegu samgöngubót.

Á málþinginu var jafnframt lögð áhersla á að Vestfirðingar telji að ekki megi hvika frá þeirri samgönguáætlun sem samþykkt var á Alþingi árið 2012 og þeim fyrirheitum sem löggjafinn samþykkti um flýtingu framkvæmda við Vestfjarðaveg og Dýrafjarðargöng.

Hér skal minna á það sem samþykkt var í þingsályktun um Samgönguáætlun í júní 2012:

„13. Lagt er til að flýta framkvæmdum við Dynjandisheiði inn á framkvæmdatímabilið 2015–2018. Fjármagn 850 mkr og 3.200 mkr 2019-2022.

14. Lagt er til að bæta við fjármagni til gerðar svokallaðra snjóflóðaskápa á Djúpavegi í Súðavíkurhlíð. Fjármagn 250 mkr 2015 – 2018 og 100 mkr, 2019-2022

15. Lagt er til að flýta framkvæmdum við endurgerð vegar og brúar á Bjarnarfjarðará um a.m.k. 4 ár. Fjármagn 500 mkr 2015-2018

16. Lagt er til að flýta endurgerð vegar um Veiðileysuháls. Fjármagn 170 mkr, 2015-2018 og 500 mkr 2019 – 2022.“

## Almenningssamgöngur

Á fundi Samgöngunefndar í janúar 2013 voru lögð fram drög að samningi við Vegagerðina um tilraunaverkefni til að efla og þróa skipulag almenningssamgangna milli byggðakjarna og tenginga við höfuðborgarsvæðið. Samningurinn er til fimm ára og samningsfjárhæð er 3.250.000 krónur á ári, auk vísitölutryggingar. Stjórn FV samþykkti samninginn með áorðnum breytingum á orðalagi. Framkvæmdastjóri Fjórðungssambandsins hefur unnið að málinu. Í sumar voru samningar um áætlunarakstur á flugvöllina á Ísafirði og Bíldudal framlengdir. Þá er í undirbúningi að vinna skýrslu um möguleika á betri almenningssamgöngum á landi, bæði á leiðinni Hólmavík-Ísafjörður og Bíldudalur-Brjánslækur og nota til skýrslugerðarinnar fjármagn sem felst í áður nefndum samningi.

Minna skal á að áætlunarflug á milli Reykjavíkur og Ísafjarðar, Bíldudals og Gjögurs eru mikilvægustu almenningssamgöngur Vestfirðinga og lífæð byggðanna stóran hluta ársins. Reykjavíkflugvöllur er ein grunnstoð þess að borgin þjóni hlutverki sínu sem höfuðborg landsins alls.

## Fjarskiptamál

Óveður gekk yfir Vestfirði í lok desembermánaðar 2012 og lokuðust allir vegir vegna snjóa og snjóflóða og rafmagn fór út í langan tíma. Mikil vandkvæði komu upp varðandi öryggi í samgöngum og fjarskiptum landshlutans. Samgöngunefnd ræddi málið á fundi sínum í janúar og beindi því til stjórnar FV að gerð yrði úttekt á afleiðingum þessa atburðar gagnvart öllum aðilum. Sérstaklega yrðu fjarskiptamál skoðuð og öryggisþáttur þeirra, en einnig skipulag og öryggi vetrarþjónustu Vegagerðarinnar. Bent var á að með Dýrafjarðargöngum verður hægt að leggja jarðstreng frá Arnarfirði til Dýrafjarðar og minnka þannig áhættu við dreifingu raforku á svæðinu, auk þess sem það bætir mögulega fjarskiptaleiðir.

Uppbygging ljósleiðaranets á Vestfjörðum og hringtenging ljósleiðarans hefur verið stefnumál Fjórðungspings Vestfirðinga síðustu ár. Lítil skref hafa verið tekin á síðustu árum í þeim málum í

Ísafjarðardjúpi, en í heild má segja að algert stefnuleysi ríki í uppbyggingu ljósleiðaranets á Vestfjörðum. Boltanum er kastað á milli opinberra aðila og fjarskiptafyrirtækja og enginn tekur af skarið eða mótar sameiginlega stefnu. Það er ömurleg staðreynd að Hólmavík og Drangnes eru ekki tengd við ljósleiðara. Úrbætur sem flýta hringtengingu ljósleiðara eða gagnaflutningsnets um Strandasýslu og Ísafjarðardjúp er grundvöllur fyrir atvinnuþróun á Vestfjörðum og jöfnun búsetuskilyrða.

## Álftafjarðargöng

Á síðasta alþingi var lögð fram þingsályktun um snjóflóðavarnir á Kirkjubólshlíð og Súðavíkurhlíð og jarðgöng milli Álftafjarðar og Skutulsfjarðar. Fyrsti flutningsmaður var Ólína Þorvarðardóttir alþingismaður. Þar sagði:

*Alþingi ályktar að Súðavíkurgöng skuli án frekari tafa sett inn á samgönguáætlun sem næsta jarðgangaframkvæmd á Vestfjörðum á eftir Dýrafjarðargöngum. Felur þingið innanríkisráðherra að láta nú þegar hefja undirbúning að jarðgangagerðinni. Jafnframt skuli á fjárlögum næstu 3ja ára gert ráð fyrir fjármagni til fullnægjandi flóðavarna á Súðavíkur- og Kirkjubólshlíð til þess að tryggja öryggi vegfarenda þar til jarðgöng leysa þessa leið af hólmi í samræmi við tillögur heimamanna sem vísað er til í greinargerð með ályktun þessari.*

Úr greinargerð: Jarðgöng milli Skutulsfjarðar og Álftafjarðar myndu ekki einungis leysa öryggismál á Súðavíkurhlíð, heldur einnig á Kirkjubólshlíðinni þar sem snjóflóð og grjóthrun hafa einnig valdið vanda og hættu. Því er hér lagt til að Alþingi setji stefnuna á að flýta sem mest má verða jarðgöngum milli Skutulsfjarðar og Álftafjarðar, en ráðast samhliða í tímabundnar en viðunandi snjóflóðavarnir á Kirkjubólshlíð og Súðavíkurhlíð með vegskápum, stálþiljum, víkkun rása og grjótvarnarnetum. Í „Greinargerð um öryggi Djúpvegjar“ voru kannaðar tvær um 6 km langar gangaleiðir frá Skutulsfirði til Álftafjarðar auk tveggja skemmri leiða (um 3 km hvor) er miða ekki að vegstyttingu heldur að víkja vegsambandinu undan snjóflóða- og skriðuhættu á Súðavíkurhlíð. Göng frá Naustum í Skutulsfirði til Sauradalsár ofan Súðavíkur og leiðin frá Engidal að Dvergasteini liggja um berggrunn sem þykir tiltölulega heppilegur til jarðgangagerðar og engir sérstakir veikleikar áberandi. Slík göng myndu stytta vegalengd milli Ísafjarðar og Súðavíkur um 8 km. Vegagerðin áætlar að kostnaður við 6 km göng í dag nemi nálægt 8 milljörðum króna.

## Berjumst saman

Fastanefnd Fjórðungssambands Vestfirðinga um samgöngumál starfar við hlið stjórnar sambandsins að stefnumótun og framgangi stefnumála sambandsins. Meðan aðstæður okkar Vestfirðinga eru þær að samgöngunet okkar er vanþróaðra og veikbyggðara en annarra landsmanna, er full þörf á sérstöku átaki í samgöngumálum Vestfjarða. Samgöngunefnd er tæki



Vestfirðinga til þess. Með henni er unnið að því að samræma sjónarmið, ólík viðhorf og áherslur einstakra sveitarfélaga eða svæða á Vestfjörðum og ná þannig samstöðu um áherslur og forgangs röðun. Án samstöðu út á við er auðvelt að setja sjónarmið Vestfirðinga hjá. Það hefur hinsvegar sannast að með sameiginlegri rödd höfum við áhrif á stjórnvöld og ákvarðanir sem teknar eru. Það er hlutverk Samgöngunefndar að halda áfram sínu verki og vinna fyrir Vestfirði alla og íbúa þess þar til markinu er náð: Að við stöndum jafnfætis öðrum íbúum landsins.

**Að lokum ber ég fram þakki til fulltrúa í samgöngunefnd Fjórðungssambands Vestfirðinga fyrir ánægjulegt samstarf á liðnu ári. Staða Vestfjarða leggur mikla ábyrgð á herðar þeim sem standa í fararbroddi í sveitarstjórnarmálum, að beita sameiginlegu afli sínu að bættum lífsskilyrðum íbúanna. Samgöngumálin eru þar lykilatriði og vonandi munum við bera gæfu til að halda sameiginlegri stefnu í átt að bjartari framtíð, fyrir alla Vestfirðinga. Með vestfirskri þrautseigju og þráa og órofa samstöðu getum við fært fjöll. Eða betur sagt: Getum við byggt vegi í gegnum fjöll og yfir firði. Sagan mun sanna það.**

Vestfjörðum í október 2013,  
Sigurður Pétursson,  
formaður fastanefndar Fjórðungssambands Vestfirðinga um samgöngumál.



Skriðu ýtt af veginum. Mynd Jón Gísli Jónsson.  
Myndskreyting á heimasíðu Fjórðungssambands Vestfirðinga, á undirsíðu Samgöngunefndar,  
<http://www.fjorungssamband.is/samgongunefnd/>